

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. september 1992

um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna

(92/486/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/60/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin samþykkti 19. júlí 1991 ákvörðun 91/398/EBE um tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo) ⁽³⁾ og 2. júlí 1992 ákvörðun 92/373/EBE um tilnefningu móðurstöðvar fyrir Animo ⁽⁴⁾.

Til að tryggja snurðulausa starfsemi netkerfisins Animo er rétt að setja ákvæði um samhæfingu á samvinnunni milli Animo-móðurstöðvarinnar og aðildarríkjanna.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Í samræmi við innlenda löggjöf skal hvert aðildarríki tilnefna yfirvald til að sjá um samræmingu yfirvalda á meðal í hverju aðildarríki.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 75.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 221, 9. 8. 1991, bls. 30.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 195, 14. 7. 1992, bls. 31.

Yfirvaldið sem sér um samræminguna skal gera samning við Eurokom um nýtingu sameiginlegu móðurstöðvarinnar. Samningurinn skal undirritaður í samræmi við innlenda löggjöf.

2. gr.

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu sjá til þess að samningarnir sem um getur í 1. gr.:

— gildi til 1. júlí 1995,

— innihaldi endurskoðunarákvæði,

— innihaldi uppsagnarákvæði, með fyrirvara um sex mánaða uppsagnarfrest,

— innihaldi skuldbindingu af hálfu Eurokom um að það muni uppfylla allar tækniröfur sem mælt er fyrir um í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/638/EBE ⁽⁵⁾ og byggjast á þeim tækniáferðum sem Eurokom gerði tillögu um í tilboði sínu. Sérstakar skuldbindingar skulu gilda um samkomulag sem kann að vera gert um frekara framlag Eurokom, þar með talið störf fyrir aðildarríkin í tengslum við upptöku kerfisins í einstökum aðildarríkjum og störf við stjórn verkefnisins,

— taki mið af eftirfarandi fjárhagsþáttum:

a) 300 ekum á ári á hverja staðareiningu, samkvæmt upptalningu í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/175/EBE ⁽⁶⁾;

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 343, 13. 12. 1991, bls. 48.

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 80, 25. 3. 1992, bls. 1.

- b) fjarskiptakostnaði, sem er sundurliðaður með til-
liti til þess hvort innlend móðurstöð er til staðar
eða ekki, og grundvallast á hagstæðasta verði sem
Eurokom tekst að semja um við viðkomandi fjar-
skiptafyrirtæki.

3. gr.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að grípa einungis til upp-
sagnarákvæðisins, sem um getur í þriðja undirlið 2. gr., fyrir
tiltekinn dag sem er ákveðinn samkvæmt málsmeðferðinni
í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

4. gr.

Fyrir 1. júlí 1993 skal endurskoða heildarárgjald fyrir aðild-
ina að netkerfinu, sem um getur í a-lið fimmta undirliðar 2.
gr. og sem skal ekki vera hærra en fjárhæðin sem er ákveð-
in fyrir fyrsta árið, og skiptingu þess milli aðildarríkjanna.
Hámarksgjald fyrir hvert aðildarríki fyrir annað og þriðja
samningsárið skal þó ekki hækka nema í mesta lagi um

10 % af þeirri fjárhæð sem er greidd fyrir fyrsta árið.

5. gr.

Ef upptaka kerfisins leiðir til ástands, einkum að því er
varðar fjárhagsákvæðin, sem samrýmist ekki markmiðum
þessarar ákvörðunar, skal framkvæmdastjórnin gera nauð-
synlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferð 42. gr.
ákvörðunar ráðsins 90/424/EBE ⁽¹⁾.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. september 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 19.